Ed. **379. Nefndarálit**

um frv. til laga um niðurfall nokkurra embætta.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði vísað frá með dagskrá, en játar þó, að embætti þessi sjeu meir og minna óþörf eins og nú háttar. Sýnist þá rökrjett að leggja embættin niður, og það myndu einstakir menn gera, ef þeir ættu að borga starfsfólki, sem þeir hefðu ekki með að gera.

Fyrst kemur aðstoðarlæknirinn á Ísafirði. Stjórn heilbrigðismálanna hefir játað, að embættið sje nú óþarft. Maður sá, er því gegnir, mun alls ekki hafa neitt verulegt að gera sem læknir þar. Í fyrra vildi fjárveitinganefnd Ed. fella niður starfið til sparnaðar. En þá voru læknalögin frá 1907 til fyrirstöðu. Nú er farið fram á að fella úr gildi þá grein, er í fyrra var til hindrunar sjálfsögðum sparnaði. Að nefndin í Nd. ætlar þessum lækni 1800 krónur, kemur ekki af öðru en því, að einstakir menn í nefndinni töldu sig ekki nógu harðlynda til að svifta launamann landssjóðslaunum, þótt vissa væri fyrir, að hann hefði ekki neitt að gera í þjónustu landsins, þar sem hann nú er settur.

Meiri hlutinn telur engan sparnað að því að fella embættið niður. En þó vita allir, að ekki kæmi til mála, að umræddur læknir fengi meira en biðlaun,

þ. e. part af frumlaunum sínum, 800 kr., og það að eins í nokkur ár. Eftirlaun af slíkri launafúlgu yrðu svo lítil, að þeirra gætti ekki. Er því hjer um bersýnilega rökvillu að ræða.

Um aðstoðarmenn hjá vegamála- og vitamálastjóra er það að segja, að forstjórarnir játa, að á árinu 1925 verði ekki um nýbyggingar að ræða. En báðir þykjast þeir geta fundið mönnum þessum starf. Telja líka, að ef annarhvor þeirra fjelli frá eða fatlaðist skyndilega, yrði enginn til að gegna embættunum um sinn og enginn kunnugur. En ef ganga á inn á þessa reglu, yrði hver embættismaður að vera tvöfaldur í roðinu, hver læknir að hafa varalækni, hver prestur varaprest o. s. frv. Sjá allir, hvílík fjarstæða slíkt er. Vitamálastjóri hefir þar að auki skrifað yfirboðurum sínum brjef út af þessu máli, þar sem hann hótar að ganga úr vistinni, ef lagt sje niður aðstoðarembættið. Er óskyggilegt fyrir þjóðina, ef starfsmenn hennar gera sig svo gilda að hóta brotthlaupi, ef þeir ekki ná að hafa meðhjálp, sem er aðallega miðuð við það, að vera til taks, ef þeir skyldu deyja. Sýnist það vera óvanaleg og nokkuð dýr líftrygging.

Um skógræktarstjóra er það að segja, að töluverður sparnaður yrði að því að fella embætti hans niður, þó að gert sje ráð fyrir biðlaunum í 5 ár, og síðan eftirlaunum. Skógræktarstarfið heyrir í eðli sínu alveg til búnaðarmálunum. Og það má ganga að því vísu, að Búnaðarfjelag Íslands hafi jafnan völ þeirra manna, sem vel kunna skil á skógmálum. Núverandi búnaðarmálastjóri mun þar standa einna fremstur allra manna hjer á landi, bæði að þekkingu og áhuga. Hafa honum og lánast skógræktartilraunir betur en nokkrum öðrum manni hjer á landi. Er því bæði betra fyrir skógræktina og sparnaður fyrir landið, að frv. þetta nái fram að ganga.

Yfirleitt er sá andi, sem kemur fram í áliti háttv. meiri hluta, mjög viðsjárverður. Landið er sokkið i miklar skuldir. Verklegar framkvæmdir eru stöðvaðar, ef til vill um mörg ár. Þungar gjaldabyrðar hvíla á þjóðinni. En tekjur landsins hrökkva varla til fyrir nauðsynlegum vaxtagreiðslum, afborgunum og starfsmannalaunum. Eina ráðið til að rjetta við hag rikissjóðs er að færa saman embætti í mjög stórum stil. Frv. það, er hjer ræðir um, var borið fram í því skyni að gefa Alþingi tækifæri til að sýna, að hægt væri að spara. Þess vegna voru hjer valin nokkur embætti til niðurfalls eða samfærslu, þar sem allir gátu verið sammála, ef annars átti að vera hægt að spara nokkursstaðar.

Aðstaða háttv. meiri hluta er þess vegna i þessu efni hættulegur veðurboði. Þjóðin hefir ástæðu til að kviða, ef dagskráin á þingskjali 348 nær fram að ganga, að lítið verði úr því, að þingið á næstu árum færi saman »embættabákn« landsins.

Til skýringar þeim anda, sem kemur fram í þessu máli, er látið fylgja hjer með sem fylgiskjal umrætt brjef frá vitamálastjóra.

Minni hlutinn leggur til, að deildin samþykki frv. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 11. apríl 1924.

Jónas Jónsson.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN.

Reykjavík, 31. mars 1924.

Mjer er kunnugt um, að frumvarp hefir komið fram í efri deild Alþingis um niðurfelling nokkurra embætta (þskj. nr. 248), þar á meðal aðstoðarmannsembættið við vitastjórnina. Um það vildi jeg leyfa mjer að gefa nokkrar upplýsingar og jafnframt fara þess á leit, að hið háa ráðuneyti vilji gera það sem hægt er til þess að frumvarpið verði felt, að því er snertir þetta embætti.

Flutningsmaðurinn telur embætti þetta »með öllu óþarft« vegna þess, að engir vitar munu verða bygðir á næstu missirum, en sú skoðun er bygð á algerlegum misskilningi, enda er honum ókunnugt um störf þau, sem stjórn vitamálanna felur í sjer. Hið umrædda embætti var í raun og veru stofnað samkv. fjárlögum 1914—15; þar sem jeg í brjefi 27. des. 1912 hafði sýnt fram á nauðsynina fyrir, að aðstoðarmaður yrði skipaður. Á þetta fjelst stjórn og þing umræðulaust, og munu þær ástæður, sem þá voru færðar að mestu leyti standa óbreyttar enn. Gæti jeg því vísað til þeirra; en að vissu leyti eru ástæður breyttar, og því rjett að bæta nokkru við. Að vísu er ekkert bygt á þessum árum, en jeg tel víst, að landið geti ekki haldið áfram að innheimta vitagjald, sem fer langt fram yfir kostnað við rekstur vitanna, — jafnvel hækka gjaldið eins og gert hefir verið nú aftur — án þess að framkvæma nokkuð. En menn verða að athuga það, að þegar talið var nauðsyn á að skipa aðstoðarmann, voru vitarnir að eins 17, nú eru þeir 44, og það liggur í augum uppi, hve miklu meira verk það er að stjórna og líta eftir 44 vitum heldur en 17.

Enda þótt ekkert sje bygt að nýju á þessum árum er alveg nægilegt að gera fyrir okkur við þetta starf. Er þetta svo að skilja, að við með því að aðstoðarverkfræðingurinn og jeg vinnum inn á milli ýms störf á skrifstofunni við skýrslur, reikningshald og þess háttar, sem annars mætti láta skrifstofumann vinna. En með því komustum við af með minni skrifstofuhjálp en ella mundi vera hægt. Má því segja að að þessu leyti er okkar ekki notið að fullu; en hjer er alveg nægilegt verkefni fyrir okkur eins og er, og þar sem hið núverandi ástand væntanlega ekki verður mjög lengi frameftir, þykir illa ráðið, að reka þann mann frá, sem nú í nokkur ár hefir haft þessa stöðu og staðið vel í henni og fengið reynslu og kunnáttu, í þeirri von að geta fengið nokkuð ódýrari hjálp á skrifstofunni í bráð; í raun og veru er mjög ólíklegt að það fengist, þar sem aðstoðarverkfræðingurinn er svo lágt launaður, að varla nokkur von um að ódýrari skrifstofuhjálp fengist í staðinn. En hvað sem því líður, verð jeg eindregið að leggja á móti, að aðstoðarverkfræðingsembættið verði lagt niður. Jeg tel það starfsins vegna með öllu óverjandi af þeim ástæðum, sem jeg sjerstaklega tók fram í brjefi mínu 27. des. 1912; þar er í hverri stofnun lágmarkstala manna, sem hægt er að komast af með, til þess að starfrækslunni sje trygt eins og vera ber. Hvað vitamálastjórnina snertir, liggur í augum uppi, að svo miklu veltur á, að alt sje í lagi, að ekki má vera minna en að tveir menn sjeu málunum kunnugir, sem geta tekið við hver af öðrum ef annar forfallast. Í stað þess, sem

tíðkast hefir áður og er enn sumstaðar að hafa 2 — 3 — 4, jafnvel upp í 6 vitaþjóna á hverjum vita, höfum við hjer hvergi nema einn fastan mann og liggur það í augum uppi, hvílíkur stórkostlegur sparnaður það er fyrir landið. En svo má hinsvegar ekki minna vera, en að vitamálastjóri hafi verkfræðing til hjálpar, sem er málunum kunnugur og sem getur tekið við, þegar á þarf að halda. Annars mnn það geta haft afarhættulegar afleiðingar í för með sjer, og komið til að kosta landið stórfje, ef ekki nema einn væri kunnugur og hann fjelli frá.

Jeg vil taka það skýrt fram, að jeg tel það svo mikla fjarstæðu að vilja leggja niður þetta embætti, að jeg, svo framarlega sem tillagan gengur í gegn, hiklaust mun segja af mjer embætti mínu, fyrst og fremst vegna þess, að jeg þykist ekki geta tekið ábyrgð á stjórn vitamálanna með þeim hætti, en svo líka vegna þess, að jeg eftir 18 ára, oft mjög erfitt og þreytandi starf hjer, er farinn að lýjast svo, að jeg alls ekki treysti mjer til að taka að mjer stjórn vitamálanna hjálparlaust. En það eru auðvitað að nokkru leyti persónulegar ástæður, sem þingið ef til vill ekki þykist geta tekið tillit til.

En eitt vildi jeg mega taka fram í þessu sambandi og það er að benda á það, að til þess að standa straum af rekstrarkostnaði vitanna hefir verið lagt vitagjald á skipin, og nam það 1922 yfir 200000 kr. Nýlega hefir það verið hækkað um 25%, og má því ætla, að það verði á þessu ári um 250000 kr. en allur kostnaður við stjórn, rekstnr og viðhald vitanna var 1923 tæpar 150000 kr., og verður varla meira á þessu ári. En þegar þess er gætt, að vitagjaldið er beint ætlað til viðhalds vitanna, virðist það i meira lagi lúalegt að sjá eftir því fje, sem nauðsynlega þarf til þess að vitarnir sjeu i lagi. Ætla má, að landið fái um 100000 kr. tekjuafgang af vitagjaldinn á þessn ári, og virðist mjer þá með öllu ósæmilegt bæði gagnvart þeim, sem greiða þetta fje, og gagnvart þeim, sem vitamálunum stjórna, og sem gera sjer far um að gera það eins ódýrt og haganlegt og hægt er, — að vera að neita um þær bráðnauðsynlegustu fjárveitingar til mannahalds, skrifstofu og annars, sem með þarf. Jeg vænti þess fastlega, að hið háa ráðuneyti gagnvart þinginu kröftulega mótmæli þessari aðferð.

Th. Krabbe.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.